

FW: Úrskurðir óbyggðanefndar í þjóðlendumálum í Ísafjarðarsýslum

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>;Hjördís Þráinsdóttir <hjordis@isafjordur.is>

Frá : Almennur póstur <apostur@isafjordur.is>

CC : Arna Lára Jónsdóttir <arnalara@isafjordur.is>

Heiti : FW: Úrskurðir óbyggðanefndar í þjóðlendumálum í Ísafjarðarsýslum

Málsnúmer : 2020100034

Málsaðili : Óbyggðanefnd

Skráð dags : 31.08.2023 10:34:48

Höfundur : Almennur póstur

Viðhengi [Óbn-10B_yfirlitskort-urskurdir.pdf](#) [Óbn-10B_yfirlitskort-urskurdir.pdf](#)

[Um niðurstöður þjóðlendumála í Ísafjarðarsýslum o.fl..docx](#) [Um niðurstöður þjóðlendumála í Ísafjarðarsýslum o.fl..docx](#)

Rakel Sylvía Björnsdóttir

Þjónustufulltrúi

Ísafjarðarbær

450 8000 - www.isafjordur.is

From: Óbyggðanefnd

Sent: miðvikudagur, 30. ágúst 2023 18:07

To: Óbyggðanefnd

Subject: Úrskurðir óbyggðanefndar í þjóðlendumálum í Ísafjarðarsýslum

[Sumir sem hafa fengið þetta skeyti fá ekki oft tölvupóst frá postur@obyggdaneft.is. [Kynntu þér hvers vegna þetta gæti verið mikilvægt](#)

[Óbyggðanefnd kvað í dag, 30. ágúst 2023, upp úrskurði í þjóðlendumálum í Ísafjarðarsýslum.](#)

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkisins, um þjóðlendir í Ísafjarðarsýslum tóku alls til 45 skilgreindra svæða og fjallað var um þær í átta málum, nr. 1 –8/2021. Á móti bárust 159 kröfulýsingar landeigenda vegna um 190 jarða eða svæða. Að auki kannaði óbyggðanefnd heimildir um merki ýmissa nærliggjandi jarða og svæða og að þeim meðtöldum voru merki meira en 250 jarða eða svæða til skoðunar

við rannsókn málanna. Niðurstaða óbyggðanefndar var að hlutar af níu þeirra svæða sem íslenska ríkið gerði kröfu til væru þjóðlendur, þ.e.:

1. Hestfjarðaralmenningur
2. Skötufjarðaralmenningur
3. Almennungur í Ísafirði
4. Sá hluti Drangajökuls sem er innan Ísafjarðarsýslna
5. Grænahlíð við Ísafjarðardjúp
6. Almennungar vestari á Hornströndum
7. Hælavíkurbjarg á Hornströndum
8. Hornbjarg á Hornströndum
9. Hluti Almennunga eystri á Austurströndum

Aftur á móti hafnaði óbyggðanefnd öðrum kröfum íslenska ríkisins í Ísafjarðarsýslum en nánari upplýsingar um ágreiningsmálin og þjóðlendumál almennt eru í viðhengi. Einnig fylgir yfirlitskort um niðurstöður þjóðlendumálanna í Ísafjarðarsýslum

Nákvæmari úrskurðarkort og úrskurðina í heild er að finna [á vefsíðu nefndarinnar, undir Úrskurðir og dómar](#). Á vefsíðunni er einnig að finna upplýsingar um [málsmeðferð](#) þjóðlendumála o.fl.

Í þjóðlendumálanum í Ísafjarðarsýslum voru lögð fram alls 6.264 skjöl, að meðtöldum hliðsjónargögnum. Við meðferð málanna var lagt mat á öll fram komin gögn, ágreiningssvæðin skoðuð í vettvangsferð, málin flutt munnlega og skýrslur teknar af aðilum og vitnum.

Óbyggðanefnd var komið á fót árið 1998 í þeim tilgangi að rannsakað yrði hvaða svæði á landinu væru utan eignarlanda og þau yrðu úrskurðuð þjóðlendur. Einnig hefur nefndin það hlutverk að úrskurða um afmörkun afrétta innan þjóðlendna og önnur eignarréttindi í þjóðlendum.

Svæði 10B er fimmtánda svæðið af sautján sem óbyggðanefnd úrskurðar um og nefndin hefur nú lokið málsmeðferð á 95% af meginlandinu. 39,2% lands sem nefndin hefur lokið meðferð á teljast til þjóðlendna en 60,8% eru eignarlönd, að teknu tilliti til endanlegra niðurstaðna dómstóla. Af þeim hluta miðhálandisins sem nefndin hefur lokið meðferð á eru tæplega 86% þjóðlendur en rúmlega 14% eignarlönd. Heildarfjöldi skjala, sem lögð hafa verið fram og rannsökuð við meðferð óbyggðanefndar á þeim fimmtán svæðum þar sem málsmeðferð er lokið, er [33.246](#), að meðtöldum framlögðum hliðsjónargögnum.

Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu óbyggðanefndar:

postur@obyggdanefnd.is, sími: 563 7000.

Erna Erlingsdóttir, skrifstofustjóri
Obyggðanefnd
Borgartúni 29
105 Reykjavík
Sími: 563 7000
obyggdaneft.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)